

Atli Harðarson

## Viðbrögð við tillögum í skýrslu um úttekt á Fjölbrautaskóla Vesturlands

Ég hef fengið senda og lesið skýrslu sem ber yfirskriftina *Fjölbrautaskóli Vesturlands: Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti*. Höfundar hennar eru Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. Ég þakka ráðuneytinu og skýrsluhöfundum fyrir vandaða og gagnlega úttekt.

Í lok skýrslunnar (kafla 9.2. á bls. 40) eru talin upp tíu verk sem vinna þarf til að bæta starf skólans. Hér fara á eftir stuttar athugasemdir um þessi tíu atriði.

1.

***„Búnað til kennslu í málmiðngreinum þarf að endurnýja og aðstöðu til kennslu í rafiðngreinum þarf að bæta.“***

Málmsmiðaverkstæði skólans er í húsnæði sem dugar vel en tæki, einkum rennibekkir, fræsarar og aflvélar, eru gömul og úr sér gengin. Mjög dýrt er að endurnýja þennan tækjakost. Ég tel ekki líkur á að skólinn geti ráðist í þau innkaup á næstu árum. Af þessum sökum er óvíst að hægt verði að halda áfram kennslu í málmiðngreinum við skólann þegar þau tæki sem nú eru að komast á síðasta snúning verða ónothæf. Þetta er alvarleg staða meðal annars vegna þess hvað kennsla í málmiðngreinum er mikilvæg fyrir atvinnulíf á Akranesi og í nágrenni.

Í byrjun skólaársins 2011 til 2012 ritaði ég bæjarstjóra Akraneskaupstaðar og sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar bréf um bágborið ástand á tækjakosti málmiðnadeildar (sjá fylgiskjal númer 1). Í framhaldinu fundaði ég nokkrum sinnum með Árna Múla Jónassyni bæjarstjóra á Akranesi, Laufeyju Jóhannsdóttur sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar, Guðjóni Steindórssyni verkefnastjóra í nýsköpun og atvinnumálum hjá Akraneskaupstað og nokkrum forystumönnum í atvinnulífi á Grundartangasvæðinu. Á þessum fundum var leitað leiða til að fá fyrirtæki á Akranesi og í nágrenni til að aðstoða skólann við að endurnýja tækjakost á málmsmiðaverkstæði. Þessum viðræðum verður fram haldið á því skólaári sem nú er hafið. Erfitt er að spá um hvað út úr þeim kemur. Þetta samstarf við sveitarfélögin er í samræmi við markmið númer 9 í skólasamningi (sjá fylgiskjal 2).

Á þessari stundu get ég því miður ekki áætlað hvernig skólinn mun bæta tækjakost í málmiðngreinum. Ljóst er að hann þarf verulega fjármuni til þess og hefur takmarkaða möguleika á að afla tekna sem duga.

Rafiðnadeild skólans er í húsnæði sem er heldur þröngt og að sumu leyti óhentugt. Að mínu viti er þó ekki tímabært að breyta því fyrr en öðrum mikilvægari endurbótum á húsnæði hefur verið lokið (sbr. lið númer 10 hér að neðan).

Nauðsynlegar endurbætur á tækjakosti rafiðnadeildar kosta aðeins fáeinir milljónir. Undanfarin ár hefur skólinn fengið styrki til tækjakaupa frá sveitarfélögum á Vesturlandi, samtals að upphæð um 2,5 milljónir á ári. Á yfirstandandi ári er þessu framlagi varið til tækjakaupa fyrir rafiðnadeild. Ráðgert er að á næsta ári njóti rafiðnadeild aftur góðs af framlagi sveitarfélaganna og verði þá orðinn þokkalega búin nauðsynlegum kennslutækjum.

## 2.

### ***„Móta þarf stefnu um framtíðarhlutverk bókasafnsins og vinna markvisst að eflingu þess sem miðlægrar menntamiðstöðvar í skólanum.“***

Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu er skólanum nauðsynlegt að haga starfsemi bókasafnsins þannig að það gegni hlutverki sínu með sem allra minnstum tilkostnaði. Af þessum ástæðum hefur verið leitað eftir auknu samstarfi við bæjarbókasafnið á Akranesi en hægt er að draga úr kostnaði án þess að það bitni um of á gæðum þjónustunnar með því að samnýta bæði mannafla og bókakost. Forsenda slíks samstarfs er að bókasafn skólans verði tengt landskerfi bókasafna (Gegni). Vinna við það er þegar hafin og lýkur vonandi fyrir mitt ár 2013 (sbr. markmið númer 8 í fylgiskjali 2).

## 3.

### ***„Vinna þarf skipulega að kynningu skólanámskrár til nemenda og gera hana að lifandi plaggi í augum þeirra.“***

Fullyrðing skýrsluhöfunda (á bls. 22) þess efnis að skólanámskrá sé ekki lifandi plagg í augum nemenda og þeir séu lítt meðvitaðir um tilvist hennar og hlutverk kann að byggjast á svörum nemenda við spurningum þar sem orðið „skólanámskrá“ er notað yfir allt í senn skólareglur, lýsingu á starfsháttum, brautarlýsingar og texta um markmið einstakra áfanga. Mér þykir trúlegt að nemendur hefðu lýst sig meðvitaða um hvert þessara atriða þótt einhverjar vöflur hafi verið á þeim þegar spurt var um „skólanámskrá“.

Nemendum skólans er skipt í um 30 umsjónarhópa og hver hópur hittir sinn umsjónar-kennara einu sinni í viku í umsjónartíma sem ætluð er klukkustund í stundatöflu. Umsjónar-kennarar nýnema kynna skólareglur, brautalýsingar og fleiri atriði í skólanámskrá skipulega

fyrir nemendum. Þessi kynning er stöðugt endurskoðuð og nú nýlega hefur verið ákveðið að fjalla sérstaklega um jafnréttismál og jafnréttisstefnu skólans í umsjónarhópum nýnema (sbr. markmið númer 4 í fylgiskjali 2).

Að mínu mati duga kynning og fræðsla ekki ein og sér til að auka áhuga nemenda á skólanámskrá. Trúlega þarf einnig að kalla þá í auknum mæli til ábyrgðar á þróun hennar og það tengist lýðræði sem grunnþætti í menntun samkvæmt aðalnámskrá frá árinu 2011 (sbr. markmið númer 6 í fylgiskjali 2. Sjá líka markmið númer 11 í sama skjali). Skólinn hefur þegar skipað starfshópa til að skipuleggja innleiðingu tveggja af þeim sex grunnþáttum sem tilgreindir eru í aðalnámskránni. Þeir eru annars vegar jafnrétti og hins vegar heilbrigði og velferð. Stefnt er á að skipa starfshóp um lýðræði og mannréttindi á vorönn 2013 ef tekst að öngla saman fyrir launum, en við skólann er svona þróunar- og nefndarstarf oftast launað með því að hækka þátttakendur (sem gjarna eru á bilinu 3 til 6 talsins) um þrep í hálf tveim eða eitt ár.

Tillögur um aukið lýðræði í skólanum verða vonandi til fyrir lok yfirstandandi skólaárs og munu líklega fela í sér áætlun um aðkomu nemenda að rökræðu um skólanámskrá.

#### 4.

#### **„Móta þarf stefnu um framtíðarskipan námsmats, einkum fyrirkomulag og framkvæmd þess aukna símats sem mælt er fyrir um í nýrri aðalnámskrá.“**

Umræða um þessi efni var allnokkur á kennarafundum á skólaárinu 2001 til 2012. Hún tengdist vangaveltum um breytta skilgreiningu á vinnutíma kennara, m.a. um hvort hætt yrði að skipta skólaárinu í kennsludaga og prófadaga. Vegna óvissu um hvaða ákvarðanir um þessi efni verða teknar fyrir framhaldsskólakerfið í heild er umræðan innan skólans í biðstöðu núna og biðin orðin alllöng.

Í skýrslunni segir (á bls. 22) að engin samræmd stefna sé um fyrirkomulag námsmats og hún sé alfarið í höndum einstakra kennara. Það er nokkuð til í þessu en þó er rétt að nefna að:

- Í skólanámskrá er kafli um námsmat og próf.
- Hefðir innan skólans eru nokkuð sterkar og virka um sumt eins og reglur.
- Þess er krafist að upplýsingar um námsmat komi fram í kennsluáætlun hvers áfanga sem nemendur fá í byrjun annar og skólastjórnendur ræða við kennara ef ákvæði um námsmat víkja frá venjum.
- Hver deild (þ.e. kennarar í hverjum greinaflokki undir forystu deildarstjóra) fjallar um námsmat og setur í reynd reglur um námsmat þótt þær birtist ekki opinberlega.

Næsta útgáfa skólanámskrár birtist væntanlega í júní 2013 og fyrir þann tíma verður kafli um námsmat og próf endurskoðaður (eins og margt fleira í skólanámskránni, sbr. markmið númer 1 í fylgiskjali 2).

5.

**„Setja þarf fram markvissa umbóta- og þróunaráætlun til að fylgja eftir árlegu sjálfsmati skólans.“**

Þetta er að mínu viti þörf og góð ábending. Undanfarin ár hefur stefnumörkun af hálfu yfirstjórnar skólans einkum snúist um að hagræða og spara (sbr. markmið númer 12 í fylgiskjali 2) en full þörf er á því að gera skólaþróun og umbótastarf markvissara en verið hefur. Áætlun um hvernig þetta verður gert er ekki til og getur ekki orðið til á mjög stuttum tíma. Hér læt ég því duga að segja að í skýrslu um sjálfsmat skólans á skólaárinu 2012 til 2013 verði kafli um tengsl mats við skólaþróun.

6.

**„Koma þarf upp skýrum viðmiðum um árangur á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af sjálfsmati skólans. Viðmiðin verði gerð sýnileg kennurum, nemendum og foreldrum.“**

Á þessu sviði er sjálfsagt endalaust hægt að gera betur. Um sumu þætti í sjálfsmati skólans eru skýr viðmið um árangur um sumu eru þau e.t.v. of óljós. Allar upplýsingar um matið, sem ekki eru trúnaðarmál, liggja frammi á vef skólans og eru vel sýnilegar. Sennilega lesa þær þó fáir.

Allt sjálfsmatskerfi skólans þarf að endurskoða í tengslum við innleiðingu sex grunnþátta menntunar samkvæmt nýrri aðalnámskrá (sbr. markmið númer 5, 6 og 7 í fylgiskjali 2). Við þá endurskoðun verður m.a. hugað að viðmiðum um árangur og hvernig niðurstöður mats verða kynntar.

7.

**„Leggja þarf sérstaka rækt við félags- og námslegar aðstæður nemenda af erlendum uppruna með það að markmiði að bæta gengi þeirra.“**

Undanfarin ár hefur skólinn fengið allmikið af nemendum af erlendum uppruna sem dvalið hafa stuttan tíma á Íslandi og náð litlum tókum á íslensku máli. Flestir þeirra hafa annað hvort verið frá Austur-Evrópu eða hluti af hópi palestínskra flóttamanna sem kom á Akranes frá Írak. Því miður hefur skólinn hvorki boðið þessum nemendum kennslu í móðurmáli þeirra né nægan stuðning og íslenskukennslu til að þorri þeirra næði góðum árangri í námi.

Flest bendir til að nemendur af erlendum uppruna sem koma í skólann á næstu árum verði upp til hópa búnir að dvelja nokkur ár í landinu og læra íslensku í grunnskóla. Sá vandi sem hér um ræðir mun því sennilega minnka án sérstakra aðgerða af hálfu skólans.

Í lok desember árið 2011 fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, að upphæð 1,7 milljónir, til að auka og bæta íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Sá styrkur er nýttur á þessu ári til að kosta aukna íslenskukennslu (þ.e. að kenna íslensku sem annað mál í tveim fámennum hópum á vorönn 2012 í stað eins sem var of fjölmennur og með of misjafna getu) og til að kosta stuðningskennslu fyrir einstaklinga sem þurfa aðstoð til að tileinka sér námsefni á íslensku (á haustönn 2012).

Með svona eyrnamerkum framlögum er hægt að hjálpa nemendum af erlendum uppruna töluvert. Án þeirra er það mjög erfitt fyrir skólann. Þar sem ekki er hægt að áætla hvað fæst af styrkjum á næstu árum er fremur erfitt að skipuleggja aðstoð fyrir erlenda nemendur langt fram í tímann. Skólinn hefur þó haft samráð við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um nýbúafræðslu og íslenskukennslu og það samráð verður vonandi aukið á þessu skólaári.

## 8.

### **„Forföll frá kennslu eru of mikil og þau koma niður á rétti nemenda til náms. Á vandanum þarf að taka af meiri festu framvegis.“**

Forföll kennara eru að langmestu leyti vegna veikinda og erfitt er að koma í veg fyrir þau. Í einstöku tilvikum hefur skólinn kostað forfallakennslu en fjárhagur hans leyfir ekki að það sé gert eins og þarf.

Reynt er að draga úr líkum á veikindum kennara með ýmsu móti en óvíst hvern árangur það ber. Meðal þess sem skólinn hefur gert á undanförunum árum er að kosta infúensubólu-setningu, hvetja til aukinnar hreyfingar og greiða fyrir ítarlega heilsuskoðun fyrir starfsmenn hjá heilsugæslustöðinni á Akranesi. Þetta síðastnefnda var borgað með styrk frá Lýðheilsustöð sem fékkst í tengslum við verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Forföll sem ekki eru vegna veikinda eru sum vegna námskeiða og ráðstefna sem kennarar sækja, sum vegna þátttöku í Comenius og Leonardo verkefnum, sum vegna starfa fyrir stéttarfélag kennara og sum af persónulegum ástæðum eins og þegar fólk fer í jarðarfari. Örsjaldan er kennurum veitt leyfi af öðrum ástæðum og fáein dæmi eru um að kennarar séu frá af persónulegum ástæðum og útvegi þá sjálfir og kosti forfallakennslu.

Forföll af öðrum ástæðum en veikindum er hægt að minnka ofurlítið, einkum með því að draga úr þátttöku skólans í Comenius og Leonardo verkefnum. Stóra vandamálið verður eftir sem áður að skólinn getur ekki kostað næga forfallakennslu fyrir þá sem veikjast. Á þeim vanda hef ég ekki lausn.

**9.**

**„Koma þarf á formlegu og virku samstarfi kennara og stjórnenda framhaldsskólanna þriggja á Vesturlandi, meðal annars með það að markmiði að skýra verkaskiptingu milli skólanna og stuðla að greiðu flæði nemenda á milli þeirra.“**

Flæði nemenda milli Fjölbrautaskóla Vesturlands og Fjölbrautaskóla Snæfellinga er greitt og vandræðalaust. Hins vegar er erfiðara fyrir nemendur að flytja sig milli Fjölbrautaskóla Vesturlands og Menntaskóla Borgarfjarðar vegna þess að margir áfangar þar eru 4 einingar og námsefni er raðað öðru vísi á áfanga en í öðrum skólum.

Stjórnendur framhaldsskólanna á Vesturlandi (þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi og í Grundarfirði) hafa fundað nokkrum sinnum (síðast í Grundarfirði 12. mars 2012) og leitað leiða til að auka samstarf skólanna, m.a. með það fyrir augum að hagræða með samvinnu (t.d. samkenndu einstakra áfanga með svipuðum hætti og tíðkast á Austurlandi). Ekki hafa fundist leiðir til að draga úr útgjöldum með samvinnu þessara skóla og í raun hafa ekki fundist nein samstarfsverkefni sem tekur því að nefna önnur en samvinna um kenndu fyrsta árs nema á iðnbrautum sem reynd var síðasta vetur. Þá tóku nokkrir nemendur í Grundarfirði áfanga í sérgreinum bygginga- og málmíðnagreina sem voru kenndir af kennurum við Fjölbrautaskóla Vesturlands (að hluta með staðbundnum lotum á Akranesi). Einnig má nefna að nemendafélög skólanna þriggja standa saman að einum viðburði á hverju skólaári.

Hvað varðar verkaskiptingu milli skólanna þriggja á Vesturlandi þjóna þeir hver sínu svæði og vandséð hvaða verkum þeir ættu helst að skipta með sér.

Af framansögðu er ljóst að samstarf milli skólanna á Vesturlandi er fremur lítið. Hins vegar hefur Fjölbrautaskóli Vesturlands lengi haft samstarf við Fjölbrautaskólana á Suðurlandi og á Suðurnesjum. Það samstarf hefur verið farsælt. Á síðasta skólaári og því sem af er þessa hefur einnig verið allnokkuð samráð við Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra og hafa stjórnendur beggja skóla hug á að auka það (sbr. markmið númer 10 í fylgiskjali 2).

**10.**

**„Leggja þarf umtalsvert fé í endurbætur á heimavistarhúsi skólans.“**

Samstarf skólans við húseiganda, sem er Fasteignir ríkisins, hefur jafnan verið mjög gott. Húseigandi hefur verið upplýstur um hvaða lagfæringar þarf að gera á húsnaði heimavistar og málið er komið á dagskrá þótt verklok hafi ekki verið tímasett.

## Nokkur orð að lokum

Sú umsögn sem skólinn fær í skýrslu Braga Guðmundssonar og Trausta Þorsteinssonar er afar góð og ég fagna því. Heildarmat þeirra (á bls. 3) er m.a. á þá leið að skólinn hafi gott starfsfólk, sé vel rekinn og í honum ríki „heilsteypur og jákvæður skólabragur.“

Hér að ofan hefur verið tæpt á þeim tíu atriðum sem skýrsluhöfundar telja upp undir yfirskriftinni „Aðgerðir“ í lok skýrslu sinnar. Fjölmargar aðrar ábendingar í skýrslunni eru gagnlegar og verða teknar til skoðunar innan skólans.

Sumar þessar ábendingar eiga líka erindi við yfirvöld, bæði mennt- og menningarmálaráðuneyti og fjárveitingarvaldið og vona ég að þær berist til þeirra. Hér má til dæmis nefna það sem segir (á bls. 27) að skólinn búi við þröngan fjárhag og niðurskurður sé „kominn inn að beini“.


Á síðu 17 benda skýrsluhöfundar á að full ástæða sé til að endurtaka og þróa áfram áhuga-verða tilraun með nám til framhaldsskólaprófs. Hér vísa þeir til þess að í 9. útgáfu skólánámskrár Fjölbrautaskóla Vesturlands, sem birtist í júní 2009, stóð eftirfarandi texti neðan við allar lýsingar námsbrauta sem voru tveggja ára eða lengri:

Nemandi útskrifast með framhaldsskólapróf þegar hann hefur lokið 52 einingum af brautinni og þar af a.m.k. 2 einingum í hverri eftirtalinna greina: Íslenska, erlent tungumál, stærðfræði, lífsleikni, íþróttir. Þegar metið er hvort nemandi hafi lokið einingum sem krafist er til framhaldsskólaprófs eru allir áfangar taldir með, einnig áfangar með millitöluna 9 (eins og t.d. ÍSL1936 og STÆ1936) sem nemandi þarf að taka sem undanfara að áföngum á brautinni.

Í samræmi við þetta ákvæði voru 65 nemendur brautskráðir með framhaldsskólapróf frá skólanum í maí 2010. Skömmu síðar tilkynnti mennta- og menningarmálaráðuneytið Herði Ó. Helgasyni þáverandi skólameistara að skólanum væri ekki heimilt að skilgreina framhaldsskólapróf með þessum hætti. Nú fjórum og hálfu ári eftir setningu laga um framhaldsskóla (nr. 29 frá 2008) er enn beðið eftir upplýsingum um með hvaða hætti er heimilt að virkja ákvæði þeirra um framhaldsskólapróf.

Eina minni háttar villu fann ég í skýrslunni (á bls. 29) þar sem segir að við starfsbraut séu tvær og hálf staða, um 90 kennslustundir. Þarna á líklega að standa „þrjár og hálf staða“. Þessi villa fór fram hjá mér þegar ég las yfir drög að skýrslunni sem höfundar hennar sendu í apríl á þessu ári.

Akranesi 28. september 2012



Atli Harðarson, skólameistari

Fjölbrautaskóla Vesturlands



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Akranesi 26. ágúst 2011

Til bæjarstjóra Akraneskaupstaðar og sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar  
Frá skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands

**Efni: Ósk um liðveislu við fjáröflun til tækjakaupa fyrir málmiðnadeild fjölbrautaskólans**

Ágæti viðtakandi

Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur um áratuga skeið boðið upp á nám í málmiðnagreinum og brautskráð fjölda nemenda með burtfararpróf af námsbraut í vélvirkjun. Fyrir stofnun fjölbrautaskólans var hliðstætt nám í boði við Iðnskólann á Akranesi.

Löng hefð fyrir kennslu í málmiðnagreinum á Akranesi hefur að mati undirritaðs haft mikil og góð áhrif á atvinnulíf á sunnanverðu Vesturlandi.

Mörg tæki á málmsmíðaverkstæði skólans voru keypt fyrir stofnun hans árið 1977 og eru því orðin of gömul. Skólinn getur ekki haldið áfram kennslu í málmiðnagreinum í mörg ár í viðbót án þess að endurnýja tækjakost á verkstæðum sínum. Sum þessi tæki eru dýr og ég áætla að það þurfi milli 20 og 30 milljónir króna á ári, næstu 4 til 6 ár, til að endurnýja vélar og verkfæri. Mjög ólíklegt er að þeir peningar fáiast úr ríkissjóði.

Ég lít svo á að það sé sameiginlegt hagsmunamál skólans og fyrirtækja á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit að kennslu í málmiðnagreinum verði fram haldið hér um ókomin ár.

Ég leita því til sveitarstjórna Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar og óska eftir að þær liðsinni skólanum við fjáröflun til tækjakaupa fyrir kennslu í málmiðnaði. Þessi liðveisla getur meðal annars verið í því fólgin að sveitarstjórnirnar hvetji fyrirtæki til að gefa skólanum tæki og peninga og minni stjórnendur fyrirtækja í málmiðnaði og skyldum greinum á að það er atvinnulífinu til hagsbóta að styðja skólann svo hann geti áfram menntað málmiðnaðarmenn til starfa.

Virðingarfyllst

---

Atli Harðarson skólameistari



## Markmið skólasamningi Fjölbrautaskóla Vesturlands við mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir 2011–2013

1. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár: Stefnt er á að fullvinna nýjar bóknámsbrautir fyrir haustið 2013 og námsbrautir til framhaldsskólaprófs og starfsmenntabrautir fyrir haustið 2014.
2. Námsframboð skólans verður fjölbreyttara þar sem boðið verður upp á 2 nýjar brautir sem hafa tengingu við atvinnulífið í nærsamfélagi skólans. Vinnu við lýsingu á þessum brautum verður lokið á skólaárinu 2012 til 2013 og leitað eftir að fá þær samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu á árinu 2013:
  - a) Tveggja anna almennt tækninám á fyrsta þrepi. Brautin verður góður undirbúningur fyrir nemendur sem hyggja á frekara nám á tæknisviði og nám á henni nýtist að fullu þeim nemendum sem klára í framhaldinu þriggja til fjögurra ára starfsnám á sviði málmíðnagreina eða bygginga- og mannvirkjagreina.
  - b) Almennt heilbrigðisnám. Brautin verður góður undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám á heilbrigðisviði og nám á henni nýtist að fullu þeim nemendum sem klára í framhaldinu þriggja til fjögurra ára starfsnám á heilbrigðisviði.
3. Frá haustönn 2010 tekur skólinn þátt í verkefninu „heilsueflandi framhaldsskóli“ í samvinnu við Lýðheilsustöð/Landlæknisembættið. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki vorið 2015.
4. Skólinn mun ljúka endurskoðun á jafnréttisáætlun sinni á vorönn 2012 í samræmi við nýja aðalnámskrá sem skilgreinir jafnrétti sem einn af sex grunnþáttum menntunar. (Sjá 5. kafli.)
5. Skólinn mun auka vægi sköpunar og lista í skólanámskrá og öllu starfi sínu í samræmi við nýja aðalnámskrá. Meðal annars verða áfangar í listum, hönnun og handverki í boði fyrir alla nemendur skólans. Á skólaárinu 2012 til 2013 verður t.a.m. boðið upp á áfanga í söng, smíði og hönnun.
6. Við næstu endurskoðun skólasamnings er stefnt á að skilgreina markmið sem heyra undir þá grunnþætti menntunar í nýrri aðalnámskrá sem ekki tengjast tölulíðum 3, 4 og 5 (þ.e. lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni).
7. Um leið og grunnþættirnir í nýju aðalnámskránni fá sess í skólanámskrá verður sjálfsmatskerfi skólans endurskoðað til að meta hversu vel tekst að vinna að markmiðum sem falla undir þá. Vinna við gerð matstækis til að meta heilbrigði er hafin í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja og stefnt er á að henni ljúki á vorönn 2012. (Sjá 5. kafli.)
8. Bókasafn skólans er enn ekki tengt landskerfi bókasafna (Gegni). Skólinn stefnir á að breyta þessu fyrir lok skólaársins 2012 til 2013.
9. Skólinn mun, í samvinnu við sveitarstjórnir, byggja upp tengsl við iðnfyrirtæki á sunnanverðu Vesturlandi og bjóða fyrirtækjum á svæðinu að taka þátt í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna þeirra. Þátttaka skólans í kennslu við Stóriðjuskóla Norðurláls hófst í janúar 2012. Skólinn hefur samráð við atvinnufulltrúa Akraneskaupstaðar um tengingu við atvinnulíf á svæðinu."
10. Skólinn mun leita eftir auknu samstarfi við aðra framhaldsskóla í Norðvesturkjördæmi meðal annars við námskráargerð.
11. Dregið hefur verið úr verkefnum millistjórnenda (deildarstjóra) við skólann og starfshlutfall aðstoðarskólameistara og áfangastjóra lækkað úr  $2 \times 100\%$  í  $90\% + 85\%$ . Á árinu 2012 verður þessum breytingum fylgt eftir meðal annars með því að gera stjórn skólans lýðræðislegri og kalla fleiri til ábyrgðar með því að auka vægi kennarafunda og starfsmannafunda við stefnumótum og ákvarðanatöku.
12. Skólinn setur sér það markmið að hagræða rekstri sínum. Í tengslum við þetta markmið er stefnt á að semja um skuld skólans við ríkissjóð.